

43 **STAÐFESTING KONUNGS** á skipulagsskrá fyrir Gullbrúð-
10. apríl kaupssjóð Einars Hjaltasonar og Ingibjargar Sigurðardóttur, útgefin á
venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 10.
apríl 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Gullbrúðkaupssjóð Einars Hjaltasonar og Ingibjargar Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Gullbrúðkaupssjóður Einars Hjaltasonar og Ingibjargar Sigurðardóttur“, og er stofnaður í október 1927 í Vík í Mýrdal.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af gjöfum frá vinum og velunnurum nefndra hjóna til minningar um 50 ára hjúskap þeirra, og er nú að upphæð kr. 910,00. Er ætlast til að honum geti, auk tilfallandi vaxta, hlotnast tekjur af tillögum, er menn kynnu að vilja láta honum í tje.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að úr honum megi með tímanum, samkvæmt eftirfarandi reglum, veita verðlaun þeim, sem fram úr skara í túnrækt og sauðfjárrækt (aðallega góðri meðferð á sauðfje), á svæði því, er núverandi Hvamshreppur í Vestur-Skaftafellssýslu nær yfir.

4. gr.

Fje sjóðsins skal geymast og ávaxtast í Landsbankanum í Reykjavík, og skulu vextir árlega leggjast við sjóðseign, en helmingi þeirra má verja samkvæmt 3. gr., þó þannig, að eigi má byrja á veitingu úr sjóðnum fyr en árið 1950. Sjálfa sjóðseignina má aldrei skerða, en þegar hún er orðin 5000 kr., má verja öllum vöxtum samkvæmt 3. gr., ef það þyktir henta. Eigi má veita einum manni hærrí verðlaun úr sjóðnum en 100 kr., þótt fje sje meira fyrir hendi, nje lægri en 30 kr., og skal hin veitta upphæð ávalt standa á tug. Veita má sama manni úr sjóðnum oftár en einu sinni, en eigi oftár en á 8 ára fresti.

5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd, er skulu vera: Sá af afkomendum Einars Hjaltasonar og Ingibjargar Sigurðardóttur,

er lengst hefir á jörð búið; ef tveir eða fleiri hafa jafnlengi búið, þá **43**
 sá, er eldri eða elstur er að aldri, eða ef eru jafnir að áratölu, þá **10. apríl**
 ræður hlutkesti. Ef ekki er um jarðarabúanda að tala, þá tekur sá, er
 elstur er af afkomendum sæti í stjórninni, og kona ef eigi er karl;
 utansýslubúi, ef enginn er innan sýslu. Meðan Einar Hjaltason er á
 lífi, er hann sjálfkjörinn stjórnarnefndarmaður. Annar maður í stjórn
 skal vera oddviti Hvammshrepps, en hinn þriðja tilnefnir sýslunefnd
 Vestur-Skaftafellssýslu, til 10 ára í senn, og skal hann vera búsettur
 í greindum hreppi.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins hafa
 lokið reikningum hans fyrri hluta janúarmánaðar ár hvert. Skulu þeir
 síðan sendir endurskoðendum sjóðsins, sem eru 2 menn, annar hrepp-
 stjóri Hvammshrepps, hinn tilnefndur af Búnaðarfjelagi Hvamms-
 hrepps á 5 ára fresti.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari. Breyt-
 ingar á ákvæðum hennar síðar skulu því aðeins gildar, að stjórn sjóðsins
 leggi þær til, sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu gefi þeim samþykki
 sitt og konungur staðfesti þær á venjulegan hátt.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir minningar- **44**
 sjóð Jóhannesar Sigtryggssonar, útgefin á venjulegan hátt ad man- **12. apríl**
 datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. apríl 1928. Skipulagsskrá-
 in er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

minningarsjóð Jóhannesar Sigtryggssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Jóhannesar Sigtryggssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá, sem sjúkir eru af berkla-
 veiki, eða þeim öðrum sjúkdómum, er geislalækninga þarfnast, og eiga
 heimili eða sveitfesti í Akra- eða Viðvíkurhreppi, þegar þeir þurfa læknis-
 hjálpar vegna veikinda sinna. Þó skal ekki veita þeim styrk, sem annað-